

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 79/2009**

**frá 3. júlí 2009**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2009 frá 24. apríl 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 23. september 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/123/EB frá 18. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og VII. viðauka við hana að tækniframförum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/6/EB frá 4. febrúar 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga II. og III. viðauka við hana að tækniframförum <sup>(4)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32008 L 0088**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/88/EB frá 23. september 2008 (Stjtið. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 12),
- **32008 L 0123**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/123/EB frá 18. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 71),
- **32009 L 0006**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/6/EB frá 4. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 15).“

*2. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 256, 24.9.2008, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 71.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 15.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/88/EB, 2008/123/EB og 2009/6/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**O.H. Sletnes**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.